



MINNISBLAÐ

DAGS.

25.05.2023

SENDANDI

Raufarhóll ehf.
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Raufarhólshellir - Þjónustubygging: Svör við umsögnum um matsskyldufyrirspurn

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Umsagnir um matsskyldufyrirspurn bárust frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, sveitarfélaginu Ölfuss og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Þegar þetta er skrifað þann 25. maí 2023 hafa Ferðamálastofa og Minjastofnun ekki skilað umsögn. Athugasemdafrestur til að skila umsögn inn til Skipulagsstofnunar rann út þann 9. maí.

Svör framkvæmdaraðila við innsendum umsögnum um matsskyldufyrirspurn þjónustubyggingar við Raufarhólshelli

Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að bregðast við umsögnum sveitarfélagsins Ölfuss, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, en þeir aðilar meta að framkvæmdin þurfi ekki að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.

UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Í ljósi þess að um er að ræða grannsvæði neysluvatnsbóla sbr. reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er bent á SAMÞYKKT nr. 326/2022 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.</p> <p>a. Þar segir í 14. grein um grannsvæði: „Óheimilt er að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi á grannsvæðinu sem ekki fellur að 13. gr. Óheimilt er að leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu“</p> <p>b. Í 20. gr. er fjallað um merkingar: „Þar sem almennir vegir liggja inn á eða að grannsvæði vatnsbóla skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.“</p> <p>c. Ennfremur segir í 21. grein samþykktarinnar: „Á grannsvæði er óheimilt að hefja nýjan eða auka núverandi atvinnurekstur. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hættu sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar.“</p> <p>d. Og í 22. grein eru starfseminni sett skilyrði fyrir því að slík umsókn verði tekin til skoðunar hjá heilbrigðisnefnd: „Rekstraraðili áformaðra framkvæmda verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hættu sé á mengun.“</p>	<p>a. Samþykktin er tekin orðrétt úr reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglugerð. Sótt verður um slíka undanþágu til ráðherra líkt og kemur fram í greinargerð matsskyldufyrirspurnar.</p> <p>b. Þetta á ekki við og hefur ekkert að gera með fyrirhugaðar framkvæmdir við nýtt þjónustuhús. Þegar ferðamenn koma að Raufarhólshelli eru þeir þegar komnir inn á grannsvæðið. Þessar merkingar eiga því að vera á Þrengslavegi þegar keyrt er inn á grannsvæðið og eru því á forræði Vegagerðarinnar.</p> <p>c. Líkt og fjallað er um ítarlega í greinargerðinni er afar lítil hættu á mengun af völdum starfseminnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Núverandi starfsemi hefur verið síðan 2017 og engin merki finnast um mengun eða áhrif á vatnsgæði. Þvert á móti hefur umgengni batnað til muna og minna um að ferðamenn geri þarfir sínar í hrauninu. Það má því auðveldlega færa rök fyrir því að starfsemin bæti vatnsgæði. - Lengri opnunartímar og ný skólphreinsistöð með siturbeði tryggja betri hreinsun úrgangs en nú er. - Ferðamenn heimsækja staðinn og gera þarfir sínar hvort sem að þjónustubyggingin rís eða ekki. - Mikil umferð er um grannsvæðið um Þrengslaveg alveg óháð Raufarhólshelli. - Lítil sem engin hættu er á alvarlegu mengunarslysi á bílastæði Raufarhólshellis. <p>d. Ekki er hægt að hafa þjónustu fyrir ferðamenn sem koma að skoða Raufarhólshelli annarsstaðar. Starfsemin er beintengd hellinum og hann er ekki hægt að færa. Á sumrin er bílastæðið notað af „camper“-bílum og á veturna af norðurljósagestum, báðir þessir hópar skilja eftir sig úrgang. Með aukinni viðveru og starfsemi myndi slíkt minnka og úrgangur færi rétta leið. Vatnsgæði og hreinlæti mun því batna.</p>
<p>„Heilbrigðisnefnd Suðurlands bendir á að skv. nýsamþykktu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 skal ekki leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á grannsvæði vatnsbóla.“</p>	<p>Þessi málsgrein er tekin orðrétt úr reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglugerð. Sótt verður um slíka undanþágu til ráðherra líkt og kemur fram í greinargerð matsskyldufyrirspurnar.</p> <p>Unnin verður breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir þjónustuhúsið í samráði við sveitarfélagið.</p>

Myndin er tekin úr skýrslu Vatnaskila til að sýna grunnvatnsstrauma og engu bætt við hana nema að staðsetning þjónustuhússins er merkt (sú merking kom óvart tvöföld af einhverjum ástæðum). Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram:

Í tengslum við uppbyggingu núverandi þjónustuhúss óskaði Sveitarfélagið Ölfus eftir umsögn ISOR við framkvæmdunum við Raufarhólshelli. Umsögn frá ISOR barst í tölvupóstformi til skipulagsfulltrúa Ölfus þann 2. nóvember 2016. Var það mat ISOR að grunnvatn undir Raufarhólshelli muni líklega leita til suðurs og niður með þrengslaveginum en ekki til suðvestur í átt að vatnsbólinu í Torfadal. Þetta álit byggist á grunnvatnslíkani Verkfræðistofunnar Vatnaskil.

„Í greinargerð framkvæmdaraðila á bls. 22 er mynd merkt 4.5. þ.e. skýringarmynd af grunnvatnsstraumum á svæðinu. Staðsetning Raufarhólshellis er merkt með gulum hring. Hins vegar er staðsetning vatnsbólsins í Torfadal ekki merkt inn á skýringarmyndina.“



Vatnsbólið er ekki borhola heldur er tekið úr lind við yfirborðið. Afar ólíklegt er að mengun frá Raufarhólshelli berist eftir yfirborðinu að vatnsbólinu í Torfadal. Mynd úr kortasjá Ölfus.

UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Í samræmi við ofangreint telur embættið að tilkynningin geri ekki nægjanlega vel grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar.“</p>	<p>Í samræmi við hvað ofangreint? Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er ekkert fjallað um framkvæmdina heldur vitnað ítrekað í sömu reglur grannsvæðis, sem heimilt er að sækja um undanþágu frá, án þess að minnst nokkuð efnislega á framkvæmdina. Heilbrigðiseftirlitið nefnir ekki einn þátt framkvæmdarinnar eða starfseminnar sem að gæti valdið umhverfisáhrifum. Í greinargerðinni er ítarlega farið yfir eðli framkvæmdarinnar, fyrri framkvæmdir, útlit hússins, staðsetningu þessu, þá starfsemi sem mun fara þar fram, staðhætti og umhverfi, grunnvatnsstrauma, fráveitu og vatnsvernd.</p>
<p>„Embættið telur að gera þurfi betur í að lýsa mótvægisáðgerðum og vöktun til að koma í veg fyrir varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn eða í næsta nágrenni hennar. Mögulega er hægt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum“</p>	<p>Hvaða varanlegu umhverfisáhrif? Framkvæmdin mun minnka áhrif á vatnsgæði vegna úrgangslosunar ferðamanna sem að heimsækja staðinn á öllum tímum sólarhrings allt árið. Það verður farið eftir öllum þeim ströngu skilmálum sem þegar eru til staðar í núverandi deiliskipulagi og er sumum þeirra lýst í greinargerðinni. Til viðbótar við það verður sett upp ný skólpheinsistöð sem mun skila enn betri hreinsun á úrgangi en verið hefur. Sækja þarf um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlitsins svo ekkert verður gert án samþykkis þess. Að sjálfsögðu verður góð umgengni og vandaður frágangur. Starfsemin við Raufarhólshelli byggir alfarið á því að upplifun ferðamanna sé jákvæð og að allt umhverfi líti vel út.</p>
<p>„Í samræmi við ofangreint telur embættið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum“.</p>	<p>Ekki er ljóst hvaða ofangreint Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er alltaf að vísa til, í umsögn þess er engin efnisleg umfjöllun um framkvæmdina og ekki er minnst á eitt einasta atriði sem gæti orsakað umtalsverð umhverfisáhrif. Í umsögninni er bara vísað í reglugerðir og samþykktir án þess að fjalla nokkuð um hvaða umhverfisáhrif starfsemin raunverulega hefur.</p> <p>Að setja eitt 700 m² þjónustuhús á röskuðu landi við umferðarmikinn þjóðveg, þar sem þegar er starfsemi, í fullt mat á umhverfisáhrifum gengisfellir umhverfismatsferlið. Sérstaklega þegar umsagnaraðilinn nefnir engin rök fyrir því af hverju framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat.</p>

MINNISBLAÐ

DAGS.

07.06.2023

SENDANDI

Raufarhóll ehf.
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Raufarhólshellir - Þjónustubygging: Svör við viðbótarumsögn HSL um matsskyldufyrirspurn

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Umsagnir um matsskyldufyrirspurn bárust frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, sveitarfélaginu Ölfuss og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Þegar þetta er skrifað þann 7. júní 2023 hafa Ferðamálastofa og Minjastofnun ekki skilað umsögn. Athugasemdafrestur til að skila umsögn inn til Skipulagsstofnunar rann út þann 9. maí.

Umsögnum var svarað af framkvæmdaraðila þann 25. maí 2023. Þann 2. júní 2023 barst viðbótarumsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Svör framkvæmdaraðila við viðbótarumsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Það er í algerum forgangi að gæta að verndun vatns og það er hlutverk Heilbrigðisnefndar Suðurlands og þess vegna er lögð áhersla á það í umsögn að um er að ræða grannsvæði vatnsverndar og að þar er ekki heimilt að reisa nýjan byggingar – nema að ígrunduðu máli. Jafnframt skal tekið skýrt fram hér að það er mengunarhætta frá fráveitumannvirki vegna þjónustuhúss fyrir ferðamenn sem áhyggjurnar snúa að.“</p>	<p>Það er rétt að það er hlutverk HSL að gæta að verndun vatn. Það er ekki hlutverk HSL að vera á móti framkvæmdum, því oft, eins og í þessu tilvik, eru framkvæmdir nauðsynlegar til að vernda vatn.</p> <p>Framkvæmdaraðili er sammála HSL um að úrgangur frá ferðamönnum er helsta mengunarhætta svæðisins og þess vegna hyggst hann fjölga klósettum, setja upp lífræna skólphreinsistöð og lengja opnunartíma, annars munu ferðamenn halda áfram að gera þarfir sínar í hraunið með tilheyrandi mengunarhættu.</p> <p>Núverandi aðstaða er eingöngu opin á þeim tíma sem hella- og norðurljósaferðir framkvæmdaraðila eru í boði og því eru þau lokuð löngum stundum. Yfirvöld og opinberir aðilar vilja ekki koma að rekstri salerna og ætlast til að einkaaðilar bjóði upp á slíka þjónustu. Til að það sé hægt að lengja opnunartíma salernanna verður að treysta rekstrargrundvöll þjónustunnar.</p> <p>Aftur tekur HSL ekki fram í umsögn sinni í hverju þessi mengunarhætta frá fráveitumannvirkjum felst. Reynsla síðustu 6 ára bendir til að mengunaráhrif séu hverfandi ef nokkur.</p>
<p>„Í kafla 4.4. í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi fráveitubúnaður sé hannaður fyrir um 100 þúsund gesti á ári, en vegna Covid 19 hafi fjöldi gesta einungis verið rúmlega helmingur þess – því telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að ekki hafi reynt á hvort mengunarhætta sé af þessari staðsetningu á fráveitumannvirkis með tilliti til vatnsbólanna í Torfdal.“</p>	<p>Þetta er ekki rétt, í greinargerðinni segir orðrétt:</p> <p>„Raunfjöldi gesta hefur verið á milli 50 og 60 þúsund en var lægri á meðan Covid-19 gekk yfir.“</p> <p>Í venjulegum árum hefur gestafjöldi verið milli 50 og 60 þúsund (þ.m.t. 2022) en á meðan Covid gekk yfir var hann mun lægri. Fráveitan, rotþró og siturbeð, var hönnuð og stærðarákvörðuð miðað við 100 þúsund gesti. Það að ekki hafi greinst nein mengun er gott og til vitnis um að fráveitan er að virka.</p>
<p>„Síðar í kafla 4.4 í greinargerðinni er vísað í álit ÍSOR dags. 2. nóvember 2016 þar sem kemur fram að „líklega“ muni grunnvatn undir Raufarhólshelli leita til suðurs en ekki suð vesturs – og vísa þeir í grunnvatnslíkan. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að þetta orðalag bendi til að ekki sé tryggt að mengun geti orðið.“</p>	<p>Álit ÍSOR er frá 2016. Það var ekki hægt að fullyrða fyrirfram um rennislisstefnur neðanjarðar en nú 7 árum síðar hefur reynslan sýnt fram á að þetta mat var að öllum líkindum rétt, engin mengun hefur greinst í vatnsbólunum í Torfadali.</p>
<p>„Bent er á atriði í tölvupósti ÍSOR merkt með</p> <ol style="list-style-type: none"> Ekki er að svo stöddu mælt með færslu á vatnsverndarmörkum. Skárri kostur er, að vatnsvernd verði óbreytt en kröfur um mannvirki og snyrtingar væru í samræmi við mannvirki innan vatnsverndar.“ 	<p>Ekki hefur verið neitt rætt um að færa vatnsverndarmörk. Það er auk þess ekki í höndum framkvæmdaraðila. Snyrtingar og fráveita verða í samræmi við að um vatnsverndarsvæði er að ræða.</p>
<p>„Honum [framkvæmdaraðila] hefði verið í lófa lagið að setja inn tillögu að mótvægisáðgerðum í samræmi við staðsetningu í þess stað að gera lítið úr þeirri staðreynd að staðsetningin á Raufarhólshelli og þjónustuhúsi er á grannsvæði vatnsverndar.“</p>	<p>Tugþúsundir ferðamanna koma á staðinn og gera þar þarfir sínar. Helstu mótvægisáðgerðir eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjölga salernum um 3 - Betri fráveituhreinsun með nýrri lífrænni hreinsistöð - Lengri opnunartími salerna <p>Allt þetta kom fram í greinargerðinni. Til að hægt sé að ráðast í þessar mótvægisáðgerðir er nauðsynlegt að treysta rekstrargrundvöll starfseminnar og er nýja þjónustuhúsið liður í því.</p>

UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Framkvæmdaraðili nefnir í engu í greinargerðinni með hvaða hætti mótvægisáðgerðir vegna fráveitumannvirkja frá nýrri 700 m² byggingu muni verða heldur er leitast við að gera lítið úr mengunarhættu á svæðinu þrátt fyrir að vera með staðsetningu á grannsvæði vatnsverndar sem áður er vikið að.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur ekki undir þessa fullyrðingu, sjá fyrra svar um mótvægisáðgerðir. Framkvæmdaraðili gerir lítið úr mengunarhættu af því að það er lítil mengunarhætta. Í umsögn HSL er enginn rökstuðningur eða umfjöllun um umtalsverða mengunarhættu og þá í hverju hún felst.</p>
<p>„Framkvæmdaraðili nefnir ekki í greinargerð hver fjölgun gesta geti orðið eftir stækkun, sem væntanlega getur orðið veruleg.“</p>	<p>Líkt og kemur fram í greinargerðinni er Raufarhólshellir sjálfur mikill flöskuháls varðandi heildarfjölda gesta, einungis er hægt að taka á móti ákveðið mörgum gestum á hverjum tíma. Helstu áhrifin verða líklega að dvalartími hvers gests lengist og mun hann vonandi skilja meira eftir sig í sveitarfélaginu. Gestum mun þó líklega fjölga með lengri opnunartíma, en jafnvel þó að fjöldinn hátt í tvöfaldist þá mun hann bara ná upp í þær gestatölur sem upphaflega var gert ráð fyrir árið 2016, um 100 þúsund manns.</p>
<p>„Framkvæmdaraðili nefnir ekki hvort þarna sé fyrirhugað að vera með veitingar af einhverju tagi eða ekki, sem einnig skiptir máli þegar lagt er mat á mengunarhættu frá fráveitu.“</p>	<p>Þetta er ekki rétt, í köflum 2.2 og 4.8 er tekið fram að veitingasala verði í húsinu. Þar á meðal er þessi umfjöllun:</p> <p>„Boðið verður upp á léttar veitingar, t.d. samlokur og súpur, en enginn matur verður búinn til á staðnum heldur eingöngu boðið upp á fyrirfram tilbúna aðfluttar veitingar.“</p> <p>Í kafla 2.3 segir einnig:</p> <p>„Jafnframt verður bætt við fitugildru vegna aukinnar neyslu á matvælum.“</p>
<p>„Að lokum er bent á þriðja lið umræddrar umsagnar Heilbrigðisnefndar Suðurlands dags. 9. maí sl. þar sem kemur fram að framkvæmdaraðila hefur láðst að merkja inn staðsetningu vatnsbólís í Torfdal.“</p>	<p>Þetta kort er tekið beint úr skýrslu Vatnaskila og það eina sem framkvæmdaraðili gerði var að merkja inn staðsetningu Raufarhólshellis, að öðru leyti var ekki átt við kortið. Ekki var verið að reyna að fela neitt og var fjallað um vatnsbólíð í Torfdal í kafla 4.4.</p>

RE Raufarhólshellir, fyrirspurn

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>
CC : 'Eiríkur Ingvarsson' <eirikur@eden.is>
Heiti : RE Raufarhólshellir, fyrirspurn
Málsnúmer : 202303099
Málsaðili : Raufarhóll ehf.
Skráð dags : 06.06.2023 00:00:00
Höfundur : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>

Viðhengi [image008.jpg](#)
[image006.png](#)
[image005.png](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)
[image002.jpg](#)
[image001.png](#)

Sæll Jón Smári.

Þetta er í raun bara þróuð roþró og virkar í grunninn á sama hátt. Lífrænt niðurbrot á sér stað án notkunar aukaefna nema hvað það fylgir með lítill blásari sem blæs lofti inn í hreinsihólfið svo loftun er mun meiri og lífrænt niðurbrot hraðara og betra. Vökvinn sem kemur út er það hreinn að hann þarf ekki að fara í siturbeð líkt og eftir hefðbundna roþró. Þar sem siturbeð er nú þegar til staðar verður það þó notað áfram. Það verður því nokkuð betri hreinsun en á sér stað í dag.

„Demanturinn“ telst 2ja þrepa hreinsun á sama hátt og roþró+siturbeð.

Frekari upplýsingar frá framleiðanda: <https://youtu.be/CLD-RjNm71A> og <https://wpldiamond.com/wp-content/uploads/2018/02/WPL-Diamond-DMC-professional-datasheet.pdf>

Hérna eru þær kröfur sem 2ja þrepa hreinsun þarf að uppfylla: <https://ust.is/haf-og-vatn/fraveitumal/krofur-um-hreinsun-fraveituvatns/tveggja-threpa-hreinsun/>

Hérna er vottorð um virkni frá framleiðanda: <https://wplltd.s3.eu-west-1.amazonaws.com/wp-content/uploads/2017/01/29074344/213B17-WPL-Diamond-DMS5-Pr%C3%BCfzeugnis-englisch.pdf>

Uppfyllir samþykka s
20 mg/l af NH₄ að lág

Færibreytur	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta
Líffræðileg súrefnisþörf (BOD við 20°C)	25 mg/l O ₂	70 til 90
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/l O ₂	75
Heildarmagn svifagna (er valfrjáls krafa)	35 mg/l 35 vegna 22. gr. (meira en 10.000 p.e.)	90 90 vegna 22. gr. (meira en 10.000 p.e.)
	60 vegna 22. gr. (2.000 – 10.000 p.e.)	70 vegna 22. gr. (2.000 – 10.000 p.e.)

Lækkun er meiri en 90% fyrir alla þætti (SS = suspended solids = svifagnir) og styrkur BOD og SS innan marka.

Viðtakinn er jarðvegurinn í kring og er hann „venjulegur“, þ.e. hann hefur hvorki verið skilgreindur sem „viðkvæmur“ eða „síður viðkvæmur“. Því þarf hreinsun að vera tveggja þrepa sem hún er, enda var rotþró með siturbeði samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á sínum tíma og eru svona lífrænar hreinsistöðvar að koma í stað hefðbundinna rotþróa mjög víða.

Þess má geta að hreinsað vatn er losað út í jarðveginn og á þá eftir að síast um 50 m niður í gegnum hraunið áður en það nær snertingu við stærsta grunnvatnsstraum landsins sem er þar undir. Það er því mjög mikil þynning og náttúruleg hreinsun sem mun eiga sér stað á eftir lífrænu hreinsistöðinni.

Vonandi svaraði þetta spurningum þínum.

Kær kveðja,



**SNÆVARR ÖRN
GEORGSSON**

Umhverfisverkfræðingur
M.Sc.

From: Jón Smári Jónsson - SLS
Sent: föstudagur, 2. júní 2023 10:57
To: Snævarr Örn Georgsson
Cc: 'Eiríkur Ingvarsson'
Subject: RE: Raufarhólshellir, fyrirspurn

Sæll aftur,

Ég sé ekki að þessar upplýsingar svari því hver virkni hreinsivirkisins verði, þ.e.a.s. með tilliti til ákvæða reglugerða um fráveitur og skólþ. Getur þú sagt mér hvers lags hreinsun er um að ræða, s.s. tveggja þrepa eða ítarlegri en tveggja þrepa og hreinsar búnaðurinn næringarefni eða drepur gerla, og eins hvernig hreinsunin samræmist ákvæðum reglugerðarinnar um losun í viðkomandi viðtaka?

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



From: Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>
Sent: 01 June 2023 15:41
To: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Cc: 'Eiríkur Ingvarsson' <eirikur@eden.is>
Subject: RE: Raufarhólshellir, fyrirspurn

Sæll Jón Smári.

Ég geri ráð fyrir að með „ferli hreinsunar“ sértu að meina virkni hreinsistöðvarinnar.

Við vísum einfaldlega í upplýsingar frá söluaðila en um er að ræða stærstu týpuna af svokölluðum demant frá WPL:
<https://idnver.is/wp-content/uploads/2023/02/Demanturinn.-Islenskur-baeklingur.pdf>